



Fundur fjallaskiladeildar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi 6. júní 2016, klukkan 20:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvísson, Sigfús Davíðsson, Óskar Ólafsson, Egill Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri.
Nanna Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

1. Tillaga frá Landsvirkjun um breytingu á girðingu við Sigöldustöð

Erindinu var vísað til umsagnar í fjallaskiladeild á 32. fundi Hreppsnefndar Ásahrepps þann 11. maí sl. Jón Hinrik Gíslason frá Landsvirkjun sat fundinn undir þessum lið og kynnti tillögur Landsvirkjunar. Fjallaskiladeild gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi tillögu og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

2. Áburðardreifing og viðhald girðinga

a) Áburðardreifing

Gústaf Ásbjörnsson frá Landgræðslunni sat fundinn undir þessum lið.

Bera þarf á árinu 2016 33,6 tonn af áburði vegna Landbótasjóðs, 30 tonn vegna mótvægisáðgerða Sporðöldulóns og 10,2 tonn á vinnubúðasvæði og námusvæði sem sáð var í 2015.

Stefnt er að áburðardreifingu í kringum 20. júní og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvenær upprekstur megi hefjast.

Samþykkt að fela Ísleifi Jónassyni verkstjórn á áburðardreifingu á Holtamannafrétti 2016.

b) Viðhald girðinga

Samhliða áburðardreifingu verður sinnt viðhaldi á girðingu á Búðarhálsi. Landsvirkjun ber að greiða þann kostnað, bæði efni og vinnu.

Ísleifi Jónassyni falið að verkstýra tiltekt á gömlum heybirgðum við Hald og Þóristungur og kanna ástand girðinga.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

fundu slitið kl. 21:45